

Veitustjóri Bláskógaveitu

Bláskógaveita óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling í starf veitustjóra. Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskógabyggðar. Veitan tilheyrir framkvæmda- og veitusviði og er hluti af mikilvægum innviðum sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur, umsjón og viðhald veitukerfa
- Nýframkvæmdir við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengdum
- Verkstjórn og stýring verktaka við nýframkvæmdir, viðhald og viðgerðir
- Fjárhagsáætlanagerð með sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi, til dæmis í málmiðngreinum
- Reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda
- Færni til að stjórna og leiðbeina
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Öku- og vinnuvélaréttindi
- Suðuréttindi kostur

Veitustjóri þarf að vera tilbúinn að sinna útköllum, komi upp bilanir. Mikilvægt er að veitustjóri sé búsettur á dreifisvæði veitunnar eða í næsta nágrenni. Næsti yfirmaður veitustjóra er sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Um er að ræða fullt starf og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með **16. febrúar**
Sótt er um starfið á www.hagvangur.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, kristofer@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð er í uppsveitum Árnessýslu í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eru um 1.550, en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Innviðir eru góðir og hefur talsverð uppbygging átt sér stað á síðustu árum. Í sveitarfélaginu eru vinsælar náttúruperlur og sögufrægir staðir. Atvinnuvegir eru ferðaþjónusta, landbúnaður, þar með talin garðyrkja, og ýmsar þjónustugreinar. Þéttbýlisstaðir eru Reykholt, Laugarvatn og Laugarás.